



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 21. október 2015

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (8. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarpið kveður á um að endurgreiða skuli íþróttá- og ungmennafélögum virðisaukaskatt sem greiddur hefur verið vegna byggingar íþróttamannvirkja, bæði af vinnu og efniskaupum. Þá er lagt til að þjónusta og vörusala sem stunduð er til að afla fjár til að standa undir kjarnastarfsemi íþróttafélaga verði undanþegnar virðisaukaskatti. Frumvarp þetta var einnig lagt fram á 144. Löggjafarþingi (411. mál) og skilaði Viðskiptaráð samhljóða umsögn um það þingmál.¹

Þjóðhagslegt mikilvægi íþróttahreyfingarinnar er óumdeilt og færa má rök fyrir því að hið opinbera eigi að styðja við hana með einhverjum hætti. Viðskiptaráð er þó almennt mótfallið auknum undanþágum frá greiðslu virðisaukaskatts. Íslenska virðisaukaskattkerfið er óskilvirk og innheimtuhlutfall hérlendis er vel undir meðaltali OECD ríkja.² Það orsakast af miklu umfangi undanþága og því að margir veigamiklir vöru- og þjónustuflokkar falla undir lægra skattþrep, sem veldur því að hið almenna þrep skattsins hækkar (mynd 1).

Mynd 1: Mikið umfang undanþága og starfsemi í lægra þrepri virðisaukaskatts hækkar almenna þrepíð og dregur þar með úr skilvirkni




¹ Umsögnina má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/endurgreidsla-virdisaukaskatts-til-ithrotta-og-ungmennafelaga/>

² Sjá nánar í skýrslu OECD (2012), Consumption Tax Trends 2012: VAT/GST and Excise Rates, Trends and Administration Issues

Í dag er almennt þrep virðisaukaskatts á Íslandi 24%. Þó að skatthlutfallið hafi verið lækkað úr 25,5% er það enn hátt í samanburði við það sem gerist innan OECD. Svo hátt hlutfall virðisaukaskatts orsakar svokallað *velferðartap* (e. deadweight loss) sem lýsir sér í minni eftirspurn neytenda eftir því sem verð á vörum og þjónustu hækkar. Þetta tap hefur í för með sér tekjutap fyrir hið opinbera og það vex sífellt hraðar eftir því sem skatthlutfallið eykst (mynd 2).³

Mynd 2: Velferðartap vegna neysluskatta stafar af minni eftirspurn neytenda eftir því sem verð á vörum og þjónustu hækkar. Þetta tap vex sífellt hraðar eftir því sem skatthlutfallið eykst.



Heimildir: Mankiw (2003); Viðskiptaráð Íslands

Auk velferðartaps fylgir undanþágum á borð við endurgreiðslu virðisaukaskatts umsýsla, sem leiðir til aukins kostnaðar við framfylgni laganna. Með einfaldara skattkerfi má takmarka kostnað í stjórnsýlu og atvinnulífi og þar með tryggja betur hag neytenda.

Að mati Viðskiptaráðs er nauðsynlegt að einfalda skattkerfið enn frekar og auka skilvirkni þess með því að breikka skattstofn virðisaukaskatts með afnámi undanþága og sameiningu skattbrepia. Þannig mætti lækka hið almenna þrep skattsins frekar. Þessi sjónarmið koma einnig fram í tillögum verkefnistjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi en hún leggur til að allar undanþágur frá virðisaukaskattkerfinu verði lagðar af eins og rúmast innan EES reglna.⁴

Viðskiptaráð telur ekki rétt að undanskilja íþróttu- og ungmennafélög, eða aðra hópa, þegar stefnt er að einföldun skattkerfisins. Standi vilji til þess að styrkja íþróttu- og æskulýðsfélög ætti fremur að gera það með öðrum hætti en í gegnum skattkerfið, til að mynda með beinum fjárfamlögum. Þannig mætti betur tryggja upplýsta umræðu um ríkisfjármál og skilvirkni skattkerfisins.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur
Viðskiptaráðs Íslands

³ Sjá skoðun Viðskiptaráðs (2012), Neysluskattar komnir á síðasta sö ludag:

http://www.vi.is/files/2012.12.12-Skodun-neysluskattar_1257937347.pdf

⁴ Sjá tillögur verkefnastjórnarinnar: <http://samradsvettvangur.is/wp-content/uploads/2013/06/innlend-tionusta.pdf>, bls. 186.